

Fjárhagsáætlun  
Grundarfjarðarbæjar  
fyrir árið 2011



## Efnisyfirlit

---

Forsendur fjárhagsáætlunar ársins 2011 .....	3
Sundurliðun rekstrar .....	5
Aðalsjóður.....	5
00 Skatttekjur .....	5
02 Félagsþjónusta.....	7
04 fræðslu- og uppeldismál.....	8
05 Menningarmál .....	9
06 Æskulýðs- og íþróttamál.....	10
07 Brunamál og almannavarnir .....	11
08 Hreinlætismál .....	12
09 Skipulags- og byggingarmál.....	13
10 Umferðar- og samgöngumál .....	14
11 Umhverfismál .....	15
13 Atvinnumál .....	16
21 Sameiginlegur kostnaður.....	17
27 Ófyrirséðir liðir .....	18
28 Fjármagnsliðir.....	18
Aðrir sjóðir í A hluta.....	19
Eignasjóður .....	19
Áhaldahús (þjónustumiðstöð).....	19
Stofnanir/sjóðir í B hluta .....	20
Leiguíbúðir .....	20
Fráveita.....	20
Hafnarsjóður .....	20
Íbúðir aldraðra.....	21
Sorphirða og sorpeyðing .....	21



## Forsendur fjárhagsáætlunar ársins 2011

---

Fjárhagsáætlun ársins 2011 er unnin við krefjandi aðstæður og ber þess merki að mikillar hagræðingar þarf að gæta í rekstri sveitarfélagsins. Við gerð fjárhagsáætlunar er eins og áður gengið út frá endurskoðaðari fjárhagsáætlun yfirstandandi árs og rauntölum sem eru þekktar. Þrátt fyrir erfið rekstrarskilyrði, leggur bæjarstjórn áherslu á að standa vörð um grunnþjónustu samfélagsins og þá einkum þjónustu við börn og unglinga.

Í þjóðhagsspá fyrir árið 2011 bendir margt til þess að það verði heldur erfiðara bæði fyrir ríki og sveitarfélög að ná settu marki við afgreiðslu fjárlaga og fjárhagsáætlana en ætlað var. Fjármögnun á útgjöldum opinbera geirans grundvallast á stöðu framleiðsluatvinnuvega, útflutningsgreina og almennrar tekjuöflunar í landinu. Fjárhagur Grundarfjarðarbæjar er háður þessum skilyrðum.

Á vettvangi sveitarfélaga og ríkisins er unnið að tillögum að fjármálareglum fyrir sveitarfélög og hafa viðmiðanir sem þar er unnið með haft áhrif á gerð þessarar fjárhagsáætlunar. Fjárhagsáætlun bæjarins miðar að því að bæjarstjóður standi við skuldbindingar sínar, bæði gagnvart íbúum sem og lánardrottnum.

Samkvæmt bráðabirgðatölum hefur íbúum í Grundarfirði fækkað úr 910 í 905 frá árinu 2009 og er gert ráð fyrir að fólksfjöldi standi í stað í fjárhagsáætlun ársins 2011.

Gert er ráð fyrir að heildartekjur sveitarfélagsins verði liðlega 620 millj. kr. sem er um 3 millj. kr. lækkun frá áætluðum tekjum ársins 2010. Rekstrarniðurstaða A hluta verður jákvæð um 5 millj. kr. og samals af A og B hluta um 19,6 millj. kr. gangi áætlunin eftir.

Útsvarsprósenta verður 14,48% en hækkun útsvarsprósentu um 1,2%, úr 13,28% er vegna færslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Tekjuskattur lækkar um sömu tölu. Sveitarfélagið mun ekki fá þessa hækkun greidda til sín, heldur hafa sveitarfélög á Vesturlandi sameinast um rekstur þessa málaflökks. Í fjárhagsáætlun ársins 2011 er gert ráð fyrir því að útsvarstekjur standi nánast í stað og framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga lækki um liðlega 8 millj. kr. Á móti kemur hækkun á fasteignasköttum og lóðarleigu. Áætlað er að skatttekjur verði lítið eitt lægri á árinu 2011 en á yfirstandandi ári.

Af hálfu eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga hafa þau viðmið verið kynnt að framlegð frá rekstri (EBIDTA) sé á bilinu 15-20%. Í áætlun ársins 2011 er áætlað að framlegð A og B hluta verði 19,8% eða í hærri kanti þeirrar viðmiðunar sem mælt er með. Jafnframt er gert ráð fyrir að veltufjárhlutfall verði um 0,4 sem er betra en verið hefur en bæta þarf enn frekar veltufjárhlutfall sveitarfélagsins.

Til að ná viðunandi árangri í rekstri er ekki hjá því komist að hækka gjaldskrár og fasteignagjöld en reynt er að halda hækkunum í algeru lágmarki. Gengið er út frá því að tekjur vegna fasteignagjalda skili sveitarfélaginu alls um 5% hærri tekjum en á árinu 2010. Gjaldskrá leikskóla hækkar um 3% og áfram verða 4 stundir fríar fyrir elsta árganginn og 12 mánaða börn eru tekin í leikskólann á sömu gjaldskrá og greitt er fyrir önnur börn. 50% álag vegna barna 12-24 mánaða var fellt niður á miðju ári 2010. Gjaldskrá vegna skólamáltíða breytist ekki né heldur vegna heilsdagsskóla. Sú breyting verður á gjaldskrá tónlistarskóla að gjöld vegnar barna og ungmenna til 20 ára hækkar um 5% frá áramótum



en gjaldskrá vegna nemenda 21 árs og eldri hækkar um 20% sem kemur að hálfu til framkvæmda á vorönn 2011 og að fullu á haustönn 2011. Leyfisgjöld fyrir hunda- og kattahald verða hækkuð um 10-20% en þrátt fyrir það eru leyfisgjöldin lág miðað við leyfisgjöld í mörgum öðrum sveitarfélögum.

Skuldir og skuldbindingar í árslok 2011 eru áætlaðar um 1.674 millj. kr. sem eru um 270% af heildartekjum sveitarfélagsins, en samkvæmt viðmiðunum í væntanlegum fjármálareglum sveitarfélaga má þetta hlutfall ekki vera hærra en 150%. Á árinu er gert er ráð fyrir því að skuldir verði greiddar niður um liðlega 41 millj. kr. en endurfjármögnun skulda er áætluð um 110 millj. kr.

Í samtölu skulda og skuldbindinga eru um 150 millj. kr. vegna skuldbindinga Jeratúns ehf. sem á og rekur húsnæði Fjölbautaskóla Snæfellinga. Á móti þeirri skuldbindingu er leigusamningur við Mennta- og menningarmálaráðuneytið til jafn langs tíma og endurgreiðslutími lána félagsins er. Þá eru jafnframt 40 millj. kr. skuldbinding vegna samnings við Orkuveitu Reykjavíkur um hitaveituvæðingu þéttbýlis í Grundarfirði og um 50 millj. kr. vegna lífeyrisskuldbindinga sem ekki koma til greiðslu á næstu árum. Ef þessar skuldbindingar eru dregnar frá eru skuldir alls um 1.434 millj. kr. eða um 231% af áætluðum heildartekjum ársins 2011.

Langtímaskuldir sveitarfélagsins eru að stærstum hluta við Lánasjóð sveitarfélaga, Íbúðalánasjóð og Arion banka. Liðlega þriðjungur lána sveitarfélagsins eru tengd erlendum gjaldmiðlum en óvissa er um lögmæti þeirra samninga. Þess er vænst að niðurstaða um lögmæti slíkra lánasamninga fái á næsta ári.

Vinna við gerð fjárhagsáætlunar hefur staðið yfir frá því á haustdögum og hefur verið brugðist við þröngri stöðu með margvíslegum aðgerðum með það að markmiði að vernda grunnþjónustuna. Dregið verður umtalsvert úr fjárfestingum án þess þó að draga úr nauðsynlegu viðhaldi á eignum sveitarfélagsins. Fjárfestingar á árinu eru áætlaðar 15 millj. kr. og er liðlega helmingur vegna framkvæmda á hafnarsvæðinu. Aðrar framkvæmdir eru minni og skiptast á flestar stofnanir bæjarins. Til annarra aðhaldsaðgerða verður gripið en ekki leitað verður allra leiða til að forðast uppsagnir á starfsfólki.

Þessi fjárhagsáætlun er lögð fram sameiginlega af allri bæjarstjórn og er það mikilvægt á tímum sem þessum þegar mikils aðhalds þarf að gæta. Ljóst er að fjárhagsáætlun er ekki spá um endanlega niðurstöðu ársins 2011 því vinna við fjárhagsáætlun lýkur ekki við samþykkt hennar í bæjarstjórn. Vinna við að ná markmiðum hennar hefst þá og sú vinna stendur allt árið. Þar gegna forstöðumenn stofnana bæjarins stærsta hlutverkinu.

Þetta er þriðja árið í röð sem þarf að gæta sérstkrar aðhaldssemi í fjárhagsáætlun bæjarins. Nú er svo komið að flatur niðurskurður dugar ekki, það þarf að forgangsraða verkefnum. Þrátt fyrir tímabundna erfiðleika í rekstri sveitarfélagsins, sem einkum eru vegna utanaðkomandi atvika, er framtíðin björt. Við búum yfir miklum mannauði. Fyrirtæki í bænum eru framsækin og mannlíf og menningarlíf í Grundarfirði er fjölbreytt og skapandi.

Grundarfirði, 21. desember 2010.

Björn Steinar Pálmason, bæjarstjóri.




## Sundurliðun rekstrar

### Aðalsjóður

#### 00 Skatttekjur

00 - Skatttekjur	Endursk. áætl. 2010	Áætlun 2011	Mism. þkr.	Mism. %
Útsvar	-275.400	-275.000	400	-0,1%
Fasteignaskattur	-51.478	-54.764	-3.286	6,4%
Jöfnunarsjóður	-108.031	-99.799	8.232	-7,6%
Lóðarleiga	-12.303	-16.067	-3.764	30,6%
<b>Samtals</b>	<b>-447.212</b>	<b>-445.630</b>	<b>1.582</b>	<b>-0,4%</b>

#### Skipting skatttekna



**Útsvar** er áætlað svipað og á yfirstandandi ári, um 275 millj. kr. Óvíst er hvernig launaþróun verður á árinu og því óráðlegt að áætla breytingar á útsvari. Fiskveiðiheimildir eru mjög takmarkaðar og óvíst hvort þær verði auknar. Af varúðarsjónarmiðum eru útsvarstekjur því ekki hækkaðar í áætluninni.

**Fasteignaskattur** er áætlaður um 55 millj. kr. Fasteignamat lækkar um 6% um áramótin en álagningarprósenta fasteigna í A flokki (íbúðarhús) var hækkuð úr 0,40% í 0,50%. Fasteignaskattur á opinbert húsnæði og fyrirtæki var ekki hækkað þar sem álagningarprósentur eru í lögbundnu hámarki.

**Jöfnunarsjóður** er áætlaður um 99,8 millj. kr. sem er um 8% lækkun frá yfirstandandi ári. Tekjur Jöfnunarsjóðs skiptast á eftirfarandi hátt:



Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	Útkomu- spá 2010	Áætlun 2011	Mism. þkr.	Mism. %
Tekjujöfnunarframlag	-5.970	-5.000	970	-16,2%
Útgjaldajöfnunarframlag	-35.222	-36.365	-1.143	3,2%
Framlag vegna nýbúafræðslu	-880	-770	110	-12,5%
Almennt framlag	-24.436	-29.458	-5.022	20,6%
Framlag vegna sérþarfa fatlaðra nemenda	-4.320	-4.520	-200	4,6%
Fasteignaskattsjöfnun	-17.127	-23.686	-6.559	38,3%
Sérstakt viðbótarframlag	-16.542	0	16.542	-100,0%
Framlag vegna hækkunar tryggingagjalds	-4.091	0	4.091	-100,0%
<b>Samtals</b>	<b>-108.588</b>	<b>-99.799</b>	<b>8.789</b>	<b>-8,1%</b>

Áætlun Jöfnunarsjóðs vegna eftirfarandi framlaga ársins 2011 liggja fyrir:

Útgjaldajöfnunarframlag, fasteignaskattsjöfnun, sérþarfir fatlaðra nemenda og nýbúafræðslu. Eftir eru að koma áætlanir fyrir tekjujöfnunarframlag og almennt framlag vegna reksturs grunnskóla. Þá liggja fyrir reglur um framlög vegna skólaaksturs. Útreikningur fyrir Grundarfjarðarbæ liggja ekki fyrir enda fyrirsjáanleg nokkur breyting á skólaakstri vegna fækkunar barna sem nýta þá þjónustu.

Mest munar um niðurfellingu á viðbótarframlagi ríkisins til sjóðsins sem og niðurfelling á endurgreiðslu vegna hækkunar tryggingagjalds. Á móti er gert ráð fyrir að breytingar verði á Jöfnunarsjóðnum í samræmi við leið 1 í tillögu nefndar um endurskoðun á úthlutunarreglum. Það leiðir til nokkrar hækkunar sem er færð á „almennt framlag“.

Á fjárlögum ársins 2011 eru 700 millj. kr. settar í sérstakt viðbótarframlag til að koma til móts við sveitarfélög í miklum fjárhagserfiðleikum. Í fjárhagsáætluninni er ekki gert ráð fyrir framlagi af þessu sérstaka viðbótarframlagi.


**Lóðarleiga** hækkar um 30% og munar þar mest um hækkun á lóðarleigu fyrirtækja og opinberra aðila úr 1,50% í 2,50%. Lóðarleiga einstaklinga lækkar úr 1,00% í 0,85%.



## 02 Félagsþjónusta

02 - Félagsþjónusta	Endursk. áætl. 2010	Áætlun 2011	Mism. þkr.	Mism. %
Framlag til Félagsþj. Snæf.	5.540	5.650	110	2,0%
Félagsleg aðstoð	4.873	4.950	77	1,6%
Þjónusta við börn og ungl.	450	450	0	0,0%
Þjónusta við aldraða	8.000	6.083	-1.917	-24,0%
Þjónusta við fatlaða	154	154	0	0,0%
Ýmsir styrkir og framlög	610	378	-232	-38,0%
<b>Samtals</b>	<b>19.627</b>	<b>17.665</b>	<b>-1.962</b>	<b>-10,0%</b>

## Skipting útgjalda innan félagsþjónustu



**Framlag til Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga.** Framlaginu til FSSF er skipt í tvennt. Hér er um að ræða áætlað framlag vegna félagsþjónustunnar. Áætluð óveruleg breyting frá 2010.

**Félagsleg aðstoð.** Áætlað framlag vegna félagslegrar aðstoðar er áætlað svipað og árið 2010. Erfitt er að áætla framlög til félagslegrar aðstoðar og er því miðað við reynslu undanfarinna ára.

**Þjónusta við börn og unglunga** er áætluð sambærileg frá yfirstandandi ári.

**Þjónusta við aldraða** dregst saman um fjórðung þar sem ekki er gert ráð fyrir greiðslu til Dvalarheimilisins Fellaskjól þar sem samningur um styrk miðaðist við greiðslu fasteignalána sem eru uppgreidd. Skipting kostnaðar er áætluð þannig að um 4,3 millj. eru vegna heimaþjónustu og tæpar 1,8 millj. eru vegna annars, s.s. niðurgreiðslu fasteignagjalda, húsaleiga vegna samkomuhúss o.fl. styrkja vegna félagsstarfs.

**Þjónusta við fatlaða** er áætluð sambærileg og áður. Taka verður fram að málefni fatlaðra sem sveitarfélögin taka yfir um áramótin eru í umsjón Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga. Beinn kostnaður fellur ekki á sveitarfélagið vegna þess samnings.


**Ýmsir styrkir og framlög** dragast saman um 38%. Um er að ræða lögbundnar greiðslur í orlofssjóð húsmæðra, varasjóð viðbótarlána og ýmsan ófyrirséðan kostnað vegna félagslegrar þjónustu.



## 04 fræðslu- og uppeldismál

04 - fræðslu- og uppeldismál	Endursk. áætl. 2010	Áætlun 2011	Mism. þkr.	Mism. %
Skólanefnd	500	1.503	1.003	200,6%
Skólaþjónusta	5.540	5.650	110	2,0%
Leikskóli og dagvistun	59.089	58.371	-718	-1,2%
Grunnskólamál alls	178.321	165.769	-12.552	-7,0%
Fjölbrautaskóli Snæf.	8.582	6.857	-1.725	-20,1%
Tónlistarskóli	27.281	27.390	109	0,4%
<b>Samtals</b>	<b>279.313</b>	<b>265.540</b>	<b>-13.773</b>	<b>-4,9%</b>

## Skipting útgjalda innan fræðslu- og uppeldismála



**Skólanefnd.** Gert er ráð fyrir óbreyttum kostnaði við skólanefnd. 1 millj. kr. er bætt við vegna sérfræðivinnu fyrir starfshóp um skólamál sem skoða á rekstur skólastofnana.

**Skólaþjónusta.** Um er að ræða kostnað skólaþjónustu hjá Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga. Breyting milli ára er áætluð um 2%.

**Leikskólinn og dagvistun.** Kostnaður við leikskólann er áætlaður sambærilegur og árið 2010. Vel hefur tekist að gæta hagræðingar í rekstri auk þess sem reiknað er með breytingum í starfsmannahaldi þegar líður á árið. Dagvistun í heimahúsum er ekki starfrækt um þessar mundir í Grundarfirði og því ekkert framlag til þeirrar starfsemi á árinu 2011.

**Grunnskólamál.** Kostnaður við grunnskóla lækkar um 12,4 millj. kr. Helsta ástæða lækkunar er fækkun kennara en nemendum hefur fækkað undanfarin ár. Skólamötuneyti verður rekið með sambærilegum hætti og áður sem og heilsdagsskóli.

**Fjölbrautaskóli Snæfellinga.** Um er að ræða húsaleigu og framlag vegna skólaaksturs. Framlag vegna skólaaksturs lækkar talsvert þar sem á árinu 2010 var greitt vegna tveggja ára.

**Tónlistarskóli.** Hækkun stafar áætlun um að stofna „yngri lúðrasveit“. Kostnaði að öðru leyti haldið í lágmarki og hagræðing áætluð á næsta skólaári.






## 05 Menningarmál

05 Menningarmál	Endursk. áætl. 2010	Áætlun 2011	Mism. þkr.	Mism. %
Bókasafn	8.465	8.211	-254	-3,0%
Eyrbyggja, sögumiðstöð	4.000	4.000	0	0,0%
Samkomuhús	2.832	1.815	-1.017	-35,9%
Þjóðhátíð 17. júní	240	380	140	58,3%
Á góðri stund	2.125	1.200	-925	-43,5%
Rökkurdagar	300	300	0	0,0%
Aðrir styrkir	1.920	1.585	-335	-17,4%
<b>Samtals</b>	<b>19.882</b>	<b>17.491</b>	<b>-2.391</b>	<b>-12,0%</b>

## Skipting útgjalda innan menningarmála



**Bókasafn.** Dregið verður úr rekstri bókasafns á árinu, t.d. eru bókakaup minnkuð frá því sem verið hefur.

**Eyrbyggja, sögumiðstöð.** Áætlað er sambærilegt framlag og árið 2010. Unnið er að tillögum vegna framtíðaráforma um rekstur sögumiðstöðvarinnar.

**Samkomuhús.** Kostnaður ársins 2010 var óvenju hár vegna kostnaðar við söngleik o.fl. Áætlað er að rekstur samkomuhússins verði með hefðbundnum hætti árið 2011.

**Þjóðhátíð 17. júní.** Gera má ráð fyrir veglegri hátíð en áður, þar sem 200 ár eru frá fæðingu Jóns Sigurðssonar.

**Á góðri stund.** Áætlað 1.200 þús. kr. framlag sem er veruleg breyting frá því sem verið hefur.

**Rökkurdagar.** Áætlað 300 þús. kr. framlag eins og verið hefur.


**Aðrir styrkir** árið 2010 voru t.d. vegna Northern Wave kvikmyndahátíðarinnar, söngleiks og framlags til Menningarráðs Vesturlands. Árið 2011 er áætluð lækun þar sem ekki verður greitt vegna söngleiks og framlag til kvikmyndahátíðar lækkar. Mikið af styrkjum á þessum lið eru millifærðir styrkir innan málaflokka.



## 06 Æskulýðs- og íþróttamál

06 Æskulýðs- og íþróttamál	Endursk. áætl. 2010	Áætlun 2011	Mism. þkr.	Mism. %
Menn.- og tómstnefnd	308	313	5	1,6%
Leikvellir og námskeið	200	900	700	350,0%
Félagsmiðstöðin Eden	3.940	3.752	-188	-4,8%
Íþróttamiðstöð	19.547	17.098	-2.449	-12,5%
Íþróttavellir	6.723	5.493	-1.230	-18,3%
UMFG	9.400	8.975	-425	-4,5%
Önnur félög og styrkir	700	780	80	11,4%
<b>Samtals</b>	<b>40.818</b>	<b>37.311</b>	<b>-3.507</b>	<b>-8,6%</b>

## Skipting útgjalda innan æskulýðs- og íþróttamála



**Menningar- og tómstundanefnd.** Kostnaður er áætlaður óbreyttur milli ára.

**Leikvellir og námsekið.** Kostnaður hækkar frá fyrra ári og er einkum vegna nákvæmari dreifingu kostnaðar í bókhaldi bæjarins. Það er því ekki um raunverulega hækkun að ræða. Kostnaður vegna sumarnámskeiða barna er um 200 þús. kr. og er óbreyttur milli ára.

**Félagsmiðstöðin Eden.** Kostnaður svipaður og verið hefur en áætlaður sparnaður næst með almennum aðhaldsaðgerðum.

**Íþróttamiðstöð.** Kotnaður lækkar um tæpa 2,5 millj. kr. og ræðst einkum af áætlun um styttri opnunartíma sundlaugar. Áætlað er að sparnaður nemi um 5 millj. kr. Á móti sparnaði vegur hæst hækkun á orkukostnaði.

**Íþróttavellir.** Um er að ræða kostnað við umhirðu íþróttavallar og sparkvallar.

**UMFG.** Styrkur til Ungmennafélagsins lækkar nokkuð frá yfirstandandi ári en sá niðurskurður er tímabundinn og mun ekki skaða starfsemi félagsins á árinu.


**Önnur félög og styrkir.** Um er að ræða styrki til annarra félaga og íþróttamála.



## 07 Brunamál og almannavarnir

07 Brunamál og almannavarnir	Endursk. áætl. 2010	Áætlun 2011	Mism. þkr.	Mism. %
Slökkvilið	6.840	7.837	997	14,6%
Slökkvistöð	4.347	4.144	-203	-4,7%
Slökkvibifreið	2.312	2.324	12	0,5%
Eldvarnareftirlit	750	850	100	13,3%
Björgunarsv. Klakkur	1.150	1.150	0	0,0%
<b>Samtals</b>	<b>15.399</b>	<b>16.305</b>	<b>906</b>	<b>5,9%</b>

## Skipting útgjalda innan brunamála og almannavarna



**Slökkvilið.** Kostnaður við slökkvilið hefur hækkað nokkuð á undanförunum árum. Slökkviliðið hefur eflst talsvert undanfarin ár og eru nú fleiri slökkviliðsmenn með full réttindi en áður var. Launakostnaður hefur aukist talsvert vegna eflingar liðsins.

**Slökkvistöð.** Um er að ræða rekstrarkostnað húsnæðis. Mest er þetta innri leiga.

**Slökkvibifreið.** Rekstur slökkvibifreiða er áætlaður svipaður á árinu 2011 og er nú.

**Eldvarnareftirlit.** Um er að ræða reglulegt og lögbundið eldvarnareftirlit.


**Björgunarsveitin Klakkur.** Styrkur verður óbreyttur frá árinu 2010.



## 08 Hreinlætismál

08 Hreinlætismál	Endursk. áætl. 2010	Áætlun 2011	Mism. þkr.	Mism. %
Heilbrigðisnefnd	445	490	45	10,1%
Hundar og kettir - eftirlit	-10	17	27	-270,0%
<b>Samtals</b>	<b>435</b>	<b>507</b>	<b>72</b>	<b>16,6%</b>

### Skipting útgjalda innan heilbrigðismála



**Heilbrigðisnefnd.** Kostnaður hækkaður samkvæmt rekstraráætlun Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.


**Hunda- og kattaftirlit.** Óveruleg breyting milli ára í fjárhæð.



## 09 Skipulags- og byggingarmál

09 Skipulags- og byggingarmál	Endursk. áætl. 2010	Áætlun 2011	Mism. þkr.	Mism. %
Aðalskipulag	325	425	100	30,8%
Deiliskipulag	580	650	70	12,1%
Umhverfisnefnd	846	867	21	2,5%
Byggingarfulltrúi	6.196	2.988	-3.208	-51,8%
Reiknuð leiga á landi	12.101	9.706	-2.395	-19,8%
<b>Samtals</b>	<b>20.048</b>	<b>14.636</b>	<b>-5.412</b>	<b>-27,0%</b>

## Skipting útgjalda innan skipulags- og byggingarmála



**Aðalskipulag.** Um er að ræða varúðarframlag vegna sérfræðikostnaðar við aðalskipulag.

**Deiliskipulag.** Um er að ræða kostnað vegna sérfræðiaðstoðar og byggir á reynslu undanfarinna ára.

**Umhverfisnefnd.** Kostnaður vegna nefndarinnar er áætlaður svipaður og verið hefur.

**Byggingarfulltrúi.** Gert ráð fyrir lækkun kostnaðar vegna reksturs embættis skipulags- og byggingarfulltrúa.


**Reiknuð leiga á landi.** Um er að ræða millifærða innri leigu.



## 10 Umferðar- og samgöngumál

10 Umferðar- og samgöngumál	Endursk. áætl. 2010	Áætlun 2011	Mism. þkr.	Mism. %
Leiga gatnakerfis	22.095	20.308	-1.787	-8,1%
Viðh. og rekstur gatna	1.000	1.335	335	33,5%
Viðhald regnvatnskerfis	431	406	-25	-5,8%
Reiðvegir	296	245	-51	-17,2%
Götulýsing	2.341	2.741	400	17,1%
Umferðarmerking	3.200	545	-2.655	-83,0%
Snjómokstur og hálkueyð.	1.029	1.229	200	19,4%
<b>Samtals</b>	<b>30.392</b>	<b>26.809</b>	<b>-3.583</b>	<b>-11,8%</b>

## Skipting útgjalda innan umferðar- og samgöngumála



**Leiga gatnakerfis.** Um er að ræða millifærða innri leigu.

**Viðhald og rekstur gatna** verður með svipuðum hætti og áður. Hækkun á þessum lið ræðst af því að verið er að dreyfa kostnað milli ýmissa liða í umferðarmálum með betri hætti en verið hefur.

**Viðhald regnvatnskerfis** verður með óbreyttum hætti.

**Reiðvegir.** Þetta er að mestu innri leiga.

**Götulýsing.** Kostnaður vegna götulýsingar hefur hækkað verulega undanfarið. Þegar eru byrjaðar aðgerðir til lækkunar þessum kostnaði, t.d. nákvæmari stillingum á ljósnemum sem kveikja götuljós og fl.

**Umferðarmerking.** Götur voru málaðar árið 2010 og er ekki þörf á því á næstunni. Umferðarmerking verður því í lágmarki.


**Snjómokstur og hálkueyðing.** Liður sem er erfitt að áætla. Áætlun byggist á reynslu undanfarinna ára.



## 11 Umhverfismál

11 Umhverfismál	Endursk. áætl. 2010	Áætlun 2011	Mism. þkr.	Mism. %
Hirðing opinna svæða	14.295	12.370	-1.925	-13,5%
Geymslusvæði	694	674	-20	-2,9%
Eftirlit og girðingar	350	350	0	0,0%
Skreytingar jól og áramót	400	500	100	25,0%
Minka- og refaeyðing	-200	0	200	-100,0%
<b>Samtals</b>	<b>15.539</b>	<b>13.894</b>	<b>-1.645</b>	<b>-10,6%</b>

## Skipting útgjalda innan umhverfismála



**Hirðing opinna svæða.** Gert ráð fyrir verulegri lækkun kostnaðar þar sem draga á úr starfsemi áhaldahúss. Kostnaður þar færir að stórum hluta á þennan lið.

**Geymslusvæði.** Óverulegar breytingar áætlaðar.

**Eftirlit og girðingar.** Óbreytt frá fyrra ári. Er mest varúðarframlag.

**Skreytingar um jól og áramót.** Áætlun ársins byggist á reynslu undanfarinna ára.


**Minka- og refaeyðing.** Ekki er gert ráð fyrir neinu framlagi á árinu 2011.



## 13 Atvinnumál

13 Atvinnumál	Endursk. áætl. 2010	Áætlun 2011	Mism. þkr.	Mism. %
Markaðsfulltrúi	7.107	7.825	718	10,1%
Fjallskil og fjárgirðingar	300	300	0	0,0%
Tjaldsvæði	-418	-173	245	-58,6%
<b>Samtals</b>	<b>6.989</b>	<b>7.952</b>	<b>963</b>	<b>13,8%</b>

## Skipting útgjalda innan atvinnumála



**Markaðsfulltrúi.** Laun og annar rekstrarkostnaður vegna markaðsfulltrúa er áætlaður sambærilegur og á árinu 2010. Mismunur felst í því að hann var í leyfi hluta ársins 2010.

**Fjallskil og fjárgirðingar.** Um er að ræða framlag sem byggir á reynslu undanfarinna ára.

**Tjaldsvæði.** Erfitt er að áætla rekstrarafgang vegna tjaldsvæðis og er dregið nokkuð úr áætluðum rekstrarafgangi vegna frekari uppbyggingar á svæðinu.






## 21 Sameiginlegur kostnaður

21 Sameiginlegur kostnaður	Endursk. áætl. 2010	Áætlun 2011	Mism. þkr.	Mism. %
Bæjarstjórn	8.796	9.073	277	3,1%
Endurskoðun	3.600	2.820	-780	-21,7%
Sveitarstjórnarkosn.	492	0	-492	-100,0%
Ónotað húsnæði	3.023	3.104	81	2,7%
Bæjarskrifstofa	36.561	28.017	-8.544	-23,4%
Innheimtukostnaður	1.750	1.750	0	0,0%
Ýmis útgjöld	1.170	1.175	5	0,4%
Starfsmannakostnaður	616	670	54	8,8%
Samtök sveitarfélaga	3.242	3.052	-190	-5,9%
Breyting lífeyrisskuldbind.	2.365	2.065	-300	-12,7%
<b>Samtals</b>	<b>61.615</b>	<b>51.726</b>	<b>-9.889</b>	<b>-16,0%</b>

## Skipting útgjalda innan sameiginlegs kostnaðar



**Bæjarstjórn.** Kostnaður vegna bæjarstjórnar hækkar vegna tilfærslna á launum milli bæjarstjóra og forseta bæjarstjórnar. Að öðru leyti verða ekki breytingar á launum bæjarstjórnar. Reynt er að halda fundum í lágmarki.

**Endurskoðun.** Gert er ráð fyrir lægri kostnaði vegna betri samnings um endurskoðun.

**Sveitarstjórnarkosningar.** Ekki er gert ráð fyrir neinum kosningum á árinu 2011.

**Ónotað húsnæði.** Hér er um að ræða millifærslu á kostnaði (innri leigu) vegna húsnæðis sem er ónotað að hluta, t.d. Borgarbraut 16.

**Bæjarskrifstofa.** Áætluð er talsverð hagræðing í rekstri bæjarskrifstofunnar vegna breytinga á starfshlutföllum og eins var launakostnaður hár á árinu 2010 vegna bæjarstjóraskipta.

**Innheimtukostnaður** er áætlaður svipaður og verið hefur en hér er einkum um að ræða þóknun til ríkisins vegna innheimtu á útsvari.

**Ýmis útgjöld.** Kostnaður vegna fjölskyldustefnu, gjafa, vinabæjarsamskipta, kjarasamninga o.fl. er fært á þennan lið. Áætlun sambærileg og kostnaður 2011.

**Starfsmannakostnaður.** Hér er einkum kostnaður vegna árshátíðar starfsmanna.



**Samtök sveitarfélaga.** Hér eru færð samningsbundin framlög vegna Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi og Héraðsnefndar Snæfellinga.

**Breyting lífeyrisskuldbindinga.** Áætlað framlag vegna lífeyrisskuldbindinga byggir á reynslu undanfarinna ára.

## 27 Ófyrirséðir liðir

27 Óvenjulegir liðir	Endursk. áætl. 2010	Áætlun 2011	Mism. þkr.	Mism. %
Ófyrirséður kostn./tekjur	-200	0	200	-100,0%
<b>Samtals</b>	<b>-200</b>	<b>0</b>	<b>200</b>	<b>-100,0%</b>

## 28 Fjármagnsliðir

28 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	Endursk. áætl. 2010	Áætlun 2011	Mism. þkr.	Mism. %
Vaxtatekjur af veltufjárm.	-1.276	-1.276	0	0,0%
Vaxtatekjur af eignarhl.	-2.600	-2.600	0	0,0%
Vaxtatekjur af langtímakr.	-83.571	-63.394	20.177	-24,1%
Vaxtagjöld af skammtsk.	3.424	3.424	0	0,0%
Vaxtagjöld af langtímask.	52.675	42.333	-10.342	-19,6%
Fjármagnstekjuskattur	300	300	0	0,0%
<b>Samtals</b>	<b>-31.048</b>	<b>-21.213</b>	<b>9.835</b>	<b>-31,7%</b>



## Aðrir sjóðir í A hluta

### Eignasjóður

Eignasjóður	Endursk. áætl. 2010	Áætlun 2011	Mism. þkr.	Mism. %
Tekjur	-137.187	-127.555	9.632	-7,0%
Rekstrargjöld	24.190	29.514	5.324	22,0%
Afkoma fyrir afskriftir og vexti	-112.997	-98.041	14.956	-13,2%
Afskriftir	31.842	27.499	-4.343	-13,6%
Fjármagnsgjöld	81.398	62.211	-19.187	-23,6%
<b>Afkoma ársins</b>	<b>243</b>	<b>-8.331</b>	<b>-8.574</b>	<b>-3528,4%</b>

### Áhaldahús (Þjónustumiðstöð)

Áhaldahús	Endursk. áætl. 2010	Áætlun 2011	Mism. þkr.	Mism. %
Tekjur	-23.825	-16.975	6.850	-28,8%
Rekstrargjöld	21.908	16.208	-5.700	-26,0%
Afkoma fyrir afskriftir og vexti	-1.917	-767	1.150	-60,0%
Afskriftir	1.075	1.050	-25	-2,3%
Fjármagnsgjöld	0	0	0	
<b>Afkoma ársins</b>	<b>-842</b>	<b>283</b>	<b>1.125</b>	<b>-133,6%</b>



## Stofnanir/sjóðir í B hluta

### Leiguíbúðir

Leiguíbúðir	Endursk. áætl. 2010	Áætlun 2011	Mism. þkr.	Mism. %
Tekjur	-4.693	-3.365	1.328	-28,3%
Rekstrargjöld	3.058	1.712	-1.346	-44,0%
Afkoma fyrir afskriftir og vexti	-1.635	-1.653	-18	1,1%
Afskriftir	516	516	0	0,0%
Fjármagnsgjöld	2.076	1.372	-704	-33,9%
<b>Afkoma ársins</b>	<b>957</b>	<b>235</b>	<b>-722</b>	<b>-75,4%</b>

### Fráveita

Fráveita	Útkomuspá 2010	Áætlun 2011	Mism. þkr.	Mism. %
Tekjur	-15.098	-16.065	-967	6,4%
Rekstrargjöld	1.780	1.780	0	0,0%
Afkoma fyrir afskriftir og vexti	-13.318	-14.285	-967	7,3%
Afskriftir	1.899	1.899	0	0,0%
Fjármagnsgjöld	4.774	3.783	-991	-20,8%
<b>Afkoma ársins</b>	<b>-6.645</b>	<b>-8.603</b>	<b>-1.958</b>	<b>29,5%</b>

### Hafnarsjóður

Hafnarsjóður	Endursk. áætl. 2010	Áætlun 2011	Mism. þkr.	Mism. %
Tekjur	-53.200	-57.631	-4.431	8,3%
Rekstrargjöld	28.732	28.613	-119	-0,4%
Afkoma fyrir afskriftir og vexti	-24.468	-29.018	-4.550	18,6%
Afskriftir	5.914	6.169	255	4,3%
Fjármagnsgjöld	7.546	5.288	-2.258	-29,9%
<b>Afkoma ársins</b>	<b>-11.008</b>	<b>-17.561</b>	<b>-6.553</b>	<b>59,5%</b>



## Íbúðir aldraðra

Íbúðir aldraðra	Endursk. áætl. 2010	Áætlun 2011	Mism. þkr.	Mism. %
Tekjur	-14.505	-14.665	-160	1,1%
Rekstrargjöld	5.222	6.301	1.079	20,7%
Afkoma fyrir afskriftir og vexti	-9.283	-8.364	919	-9,9%
Afskriftir	3.683	3.683	0	0,0%
Fjármagnsgjöld	15.364	10.155	-5.209	-33,9%
<b>Afkoma ársins</b>	<b>9.764</b>	<b>5.474</b>	<b>-4.290</b>	<b>-43,9%</b>

## Sorphirða og sorpeyðing

Sorphirða og sorpeyðing	Endursk. áætl. 2010	Áætlun 2011	Mism. þkr.	Mism. %
Tekjur	-10.372	-11.850	-1.478	14,2%
Rekstrargjöld	15.506	16.903	1.397	9,0%
Afkoma fyrir afskriftir og vexti	5.134	5.053	-81	-1,6%
Afskriftir	853	853	0	0,0%
Fjármagnsgjöld	0	0	0	
<b>Afkoma ársins</b>	<b>5.987</b>	<b>5.906</b>	<b>-81</b>	<b>-1,4%</b>